

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 11. febrúar var haldinn 136. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:05 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir og Ólafur Þór Zoéga. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björk Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Margrét Richter sérfræðingur- fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Hverfisráðinu var boðið í Arnarholt fyrir fundinn til að skoða aðstæður og fræðast um þá íbúabyggð sem þar er að byggjast upp.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð Kjalarness vill vekja athygli borgaryfirvalda á þeirri samfélagsmyndun sem í þróun er í Arnarholti á Kjalarnesi. Þar er nú 100 manna byggð en húsnæðið var nýlega selt fasteignafélaginu Fylki. Hverfisráðið hefur áhyggjur af þeirri þjónustu sem íbúunum er veitt og vekur athygli á hinni sérstöku samsetningu íbúahópsins.

- Kl: 17:30 Þorvaldur Guðjónsson vék af fundi.

2. Umræða var um deiliskipulag við Sætún 1.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð vill benda á að mikilvægt sé að starfssemin í Sætúni mengi ekki umhverfið, hvorki jarðveg eða andrúmsloft. Hverfisráð vill benda á að á Kjalarnesi er íbúabyggð og þarf að taka tilliti til hennar hvað varðar umhverfisáhrif. Athygli skal vakin á því að áður hefur verið samþykkt starfssemi á Kjalarnesi sem hefur haft neikvæð áhrif á þá byggð sem fyrir er og skert möguleika til útivistar.

3. Umræða var um fyrirbyggjandi verkefni og starfsáætlun. Ákveðið var að boða formann skóráktarfélag Kjalarness á næsta fund.
4. Rætt var um fyrirhugaðan opinn fund við Esjumela. Búið er að ákveða að fundurinn verði haldinn í Fólkvangi næsta miðvikudagur 17. febrúar kl 17:30.
5. Val á fulltrúa í starfshóp um skólamál á Kjalarnesi var rædd og ákveðið að tilnefna Guðfinnu Ármannsdóttur sem fulltrúa hverfisráðsins.

Fundi slitið kl. 18:25

Ólafur Þór Zoéga
Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttur